

Listiðnaður í Norræna húsinu

Það er mikill viðburður þegar sett er upp norræn listiðnaðarsýning í höfuðborginni enda skeður það ekki oft, en norrænn listiðnaður er háþróaður og þekktur um víða veröld. Forráðamenn Norræna hússins eiga miklar þakkar skyldar fyrir að hafa haft frumkvæðið að sýningu þessari, því það er mikið hlutverk að þroska formskyn almenningss og auka áhuga á list-

þess hve rúmfrekir þeir eru, hefði átt að afmarka þeim sérstakan bás. Ennfremur er uppsetningin á þann veg að mikla fyrirhöfn þarf til að skapa sér rétta heildarmynd af því, sem hver þjóð leggur af mörkum, þannig er skál og vasi eftir einn af finnsku þátttakendum sitt í hvorum enda aðalsalarins og er góðum listamanni lítill greiði gerður með því. Þá furðaði mig


um og athuga hvað hver þjóð hefur upp á að bjóða.

Við byrjum á Danmörku, sem er fremst í sýningarskránni samkvæmt stafrófsröð og skulum halda okkur við stafrófið að þessu sinni. Danir eru víðfrægir fyrir listiðnað sinn og við þekkjum listiðnað þeirra vafalaust betur en listiðnað hinna Norðurlandþjóðanna, því að með dönsk um húsgögnum, sem eru vinsæl hér hafa einnig borizt góðir hlutir listiðnaðar á markað héraðsins. Þeir sýna mikið af silfri, sem er mjög vandað og er erfitt að gera þar upp á milli sýnenda. Þó vekja sérstaka athygli verk Hennings Koppel, sem er mjög fjölbæfur og vinnur af mikilli listfengi hvar sem hann ber niður — mjög eftirminnileg verður hin stóra silfurskál hans — þá er ekki síður ástæða til að staðnæmast við vasa, fat og krukku eftir sama (keramik). Þá er Sören Georg Jensen einnig framúrskarandi og Astrid Fog í silfur-skartgripum einföldum og sterkum. Þá vöktu athygli mína fall-

okkur fleiri teppi. Skartgripir þeirra eru athýglisverðir t.d. eftir Kaija Aarikka, Paula Häiväoja, Pirkko Stenros og Björn Weckström. Glervinna þeirra er

Færeyingar sýna ekki mikið, en hlutir þeirra eru geðþekkir og fallegir, athygli vekur Tróndur Patursson fyrir einfalda hluti. Málverk Ingálfs af Reyni, sem mun vera gjöf til hússins, er ánægjulegt framlag, og húsinu vel samboðið.

Íslendingar standa ekki, frekar en Færeyingar á jafn háþróaðu stigi og hin Norðurlöndin




Smíðajárn eftir Tróndur Patursson, Færeyjum.

einnig athýglisverð hvort heldur sem hún birtist í formum stauða og vinglasa hjá Tapio Wirkkala eða í formi langra þrílitla sívalra vasa Oiva Toikka. Þá eru vasi og skál eftir Timo Sarpanevo frábærir og sérkennilegir hlutir, bæði í formi og áferð.

að því er fjölbærni varðar, en á vissum sviðum koma þeir til jafns við þau t.d. í því bezta í keramik, þar sem við eigum hæfileikamikið fólk svo sem Jóninu Guðnadóttur, Hauk Dór og Kolbrúnu Kjarval, sem líkur eru til að auki við þann árang-


Framhald á bls. 30



Silfurskál eftir Henning Koppel, Danmörk.

rænu handbragði. Sýningin er ekki viðamikil og það mun hafa verið erfitt að koma henni upp í þessum húsakynnum, sem ætluð eru til ólíkrar starfsemi og geldur sýningin þess óneitanlega. Þó á hún rétt á sér, sem rammi utan um opnun sjálfs hússins, sem fær meiri svip fyrir vikið og gestir sem almenningur hafa þá meira af Norðurlöndum fyrir augum — andrúmsloftið verður norrænna. Þó að sýningin sé ekki stór um sig er margt um fallega gripi og listræna, en óvenjulegt er að sjá slíka sýningarmuni í bókahillum, þannig að aðeins getur að líta eina hlið þeirra, þá er ýmskonar heimilisíðnaði komið fyrir á handriðum. Er ég var staddur þar á sunnudegi veitti ég því athygli að fólk gekk þar um sem væri það í verzlun og handfjatlaði

að texti í sýningarskrá skyldi vera á norsku. En við skulum skoða sýninguna sem kynningu og samtíning list- og heimilisíðnaðar frá Norðurlöndum og líta á hana í því ljósi frekar en raunhæfa sýningu þess bezta í norrænum listiðnaði í dag — og þá getum við slakað á kröfum




Skartgripir frá Noregi (allur glerkassinn).

og lækkað seglin. En eitt árétta- þessi sýning og það er nauðsyn þess að í framtíðinni verði sett upp sterk og eftirminnileg norræn sýning á listiðnaði, þegar aðstæður hafa skapað til þess hér í borg. Norrænum heimilisíðnaði mætti einnig gera skil með sérstakri sýningu. — Og þá er bezt eftir þetta forspjall að snúa sér að sjálfum sýningarmunum-

Bent G. Petersen.

Finnar eru mjög vandaðir í öllu, sem þeir taka sér fyrir hendur — og meðal þeirra hefir undanfarið átt sér stað merkileg þróun á sviði myndlistar og listiðnaðar og standa þeir nú mitt í þeirri þróun. Hið fagaða rya-teppi Mirja Tissari gefur góða innsýn í vinnubrögð á því sviði, en þeir hefðu gjarnan mátt sýna



Kúlufaska eftir Bertil Vallien, Svíþjóð.

munina óspart — og þó það væri e.t.v. ekki bannað þá er slíkt óviðeigandi og gefur svip af kaupstefnu frekar en listiðnaðar sýningu.

Ég hefi fregnað að hinn frægi arkitekt hússins, Finninn Alvar Alto, hafi látið svo um mælt að næsta skrefið ætti að vera að byggja sýningarskála við húsið. List mér vel á þá hugmynd því mjög mikilvægt er vegna einangrunar okkar að við séum í stöðugu sambandi við list og listiðir bræðraþjóðanna og það mundi auka aðdráttarfl hússins til mikilla muna. Stærsti ljóður á þessari sýningu er að það er of mikill samtíningur ólíkra hluta, t.d. hefði átt að aðgreina betur listiðnað og heimilisíðnað, sem er tvennt ólíkt. Þá falla sumir kirkjumunir ekki vel inn í heildarmyndina vegna

Iðnaðar- eða lagerhúsnæði

Af sérstökum ástæðum er til sölu fullfrágengið iðnaðar- eða lagerhúsnæði í Austurborginni að flatarmáli 850 ferm., lofthæð 4.60 m. Húsnæðið er með góðum innkeyrsludyrum og er laust um næstu áramót. Hagstæð kaup ef samið er strax.

Tilboð sendist afgr. blaðsins merkt: „Iðnaðarhverfi — 2247“.

Ford

SKÁLINN

Höfum kaupendur að Cortina '65, '66, '67 og '68, einnig að nýjum Volkswagenbílum.

Ford

KR. KRISTJÁNSSON H.F.


UMBODIÐ

SUDURLANDSBRAUT 2, VIÐ HALLARMÚLA
SÍMAR 35300 (35301 — 35302).

Harðviðarkurðir

INNI
ÚTI
BÍLSKÚRS
SVALA

HURÐIR



Inni- & Útikurðir

H. Ö. VILHJÁLMSOON

RÁNARGÖTU 12. SÍMI 19669

10 ÁRA ÁBYRGÐ

Thermopane
TVÖFALT
EINANGRUNAR-
GLER

20 ára reynsla héraðs

SÍMI 11400 EGGERT KRISTJÁNSSON & CO HF

10 ÁRA ÁBYRGÐ

BIKARKEPPNIN

KSÍ.

KRR.

Melavöllur

Í dag kl. 14. 30 fer fram leikur milli

Fram — Víkingur

Mótanefnd.

Fótaaðgerðir

Hef hafið störf að nýju að
Rauðalæk 67. Sími 36238.

Sigrún Þorsteinsdóttir
snyrtisérfræðingur.

Komið og reynið hið vinsæla

kjúklingabrauð með bacon og sveppum.
Ennfremur síldarrétti, heilar sneiðar og snittur.


BRAUÐBORG, Njálsgötu 112.
Pantanasími 18680.

Fífa auglýsir

Mjög ódýrar úlpur, peysur, molskinnsbuxur,
terylenebuxur, einnig eru komnar hinar
eftirspurðu ódýru japönsku stretchbuxur,
einnig regnkápur og regnúlpur.

Munið okkar lága verð.

Verzlunin FÍFA,
Laugavegi 99.



Glervasi eftir Oiva Toikka.

— LISTIÐNAÐUR

Framhald af bls. 21

ur, sem þegar hefur náðzt á þessu sviði hérlandis. Glervasar Jóninu eru sérstaklega eftirtektarverðir. Tekanna og krukur Hedi Guðmundsson eru skemmtileg verk. Eðlileg dönsk áhrif einkenna verk Tone Kjarval og Robin Lökken. Skartgripir Íslendinganna eru sérstæðir, en sem heild öllu skrautlegri sömu framleiðslu hinna þjóðanna, einkum ber mikið á notkun steina og áferðar, sem ég er ekki að lasta, en hefði þó einnig viljað sjá formhreinna skartgrip frá þeirra hendi. Skál Leifs Kaldal er einföld og gripir Gerðar Helgadóttur eru mjög sérstæðir og vel unnir. Glermynd Gunnsteins Gíslasonar setur ánægjulegan svip á umhverfið og lofar góðu um þann unga mann. Ásgerður Búadóttir sýnir sína beztu hlið í teppum sínum.

Norðmenn hafa yfirleitt verið gjarnir í því að hampa því, sem þeim hefur fundist þjóðlegast í list og listiðnaði sínum og hefur það viljað ganga of langt og fara út í bókmenntalegar öfgar, en þó eru þeir að losna úr þeim viðjum og verða móttækilegri fyrir nýjum áhrifum án þess að tapa hinu þjóðlega. Af keramik þeirra vöktu mesta athygli mína krukur eftir L. H. Enger í mjög einföldu formi. Þá eiga þeir mjög skemmtilega hluti í silfur-smelti: Greta Prytz Korsmo, Guðmund Elvestad og Alf Hamm ervold — áferðin er einkar hugþekk. Þá hrifu mig skál og box úr kopar eftir C. Block Hellum. Glerlist þeirra er og mjög athyglisverð, einkum í höndum W. Johansen, Severin Brörby, svo og steintau Grete Rönning. Skartgripir þeirra eru einfaldir og eftirtektarverðir, einkum hjá Erling Christoffersen, Gine Sommerfeldt og Anna Greta Eker, þar á Grete Prytz Korsmo einnig fallega gripi. Þá vöktu athygli mína teppi eftir myndlistarmennina Arne Lindås og Knut Rumohr, unnin í rya og ull. Bómullarefni Gro Jessen eru mjög vönduð að sjá og skinnvinna V. og L. Simon á háu stigi.

Hjá Svíum vekur Helena Baranina athygli fyrir sérkennilegan myndvefnað og Gösta Israelson fyrir sérkennilega áferð sem hann dregur fram úr samsetningu viðarins í tréskálum sínum. Þá eru Svíar með mjög athyglisverða glervinnu: Anna og Göran Wärrf og Bertil Vallien. Annars er deild Svía ekki fjölskrúðug hvar sem orsaka fyrir því er að leita.

Í lok þessa spjalls vil ég hvetja borgarbúa til að fjölmenna á þessa sýningu, — hún er vissulega þess virði auk þess sem flestum mun leika hugur á að kynna sér og skoða Norræna húsið, sem er stórbrotið framtak á sviði norrænnar samvinnu.

Bragi Ásgeirsson.

Samvinnutryggingar eru í fararbroddi:

Húseigenda trygging

fyrir einbýlishús
fjölbýlishús
og einstakar íbúðir

7

tryggingar
í einu skírteini


VATNSTJÓNSTRYGGING
GLERTRYGGING
FOKTRYGGING
BROTTFLOTUNGS- OG
HÚSALEIGUTRYGGING
INNBROTSTRYGGING
SÓTFALLSTRYGGING
ÁBYRGÐARTRYGGING
HÚSEIGENDNA

Með tryggingu þessari er reynt að sameina sem flestar áhættur í eitt skírteini. Nokkrar þeirra hefur verið hægt að fá áður, hverja fyrir sig, en með sameiningu þeirra í eitt skírteini er tryggingin EINFÖLD, HAGKVÆM og SÉRLEGA ÓDÝR.

IÐGJALD miðast við brunabótamat alls hússins eða eignarhluta tryggingartaka.

Samkvæmt ákvörðun Ríkisskattaneftndar er heimilt að færa til frádráttar á Skattskýrslu 9/10 hluta iðgjalds Húseigendatryggingar og lækka því skattar þeirra, sem trygginguna taka.

Leitið nánari upplýsinga um þessa nýjung Samvinnutrygginga.



lægri
skattar

SAMVINNUTRYGGINGAR

ARMÚLA 3 SÍMI 38500